

Kvíði barna á einhverfurófi – fræðslunámskeið fyrir foreldra

Hverjum er námskeiðið ætlað?

Námskeiðið er ætlað foreldrum barna á leikskólaaldri og í fyrstu bekkjum grunnskóla.

Hámarksfjöldi þátttakenda

Á þessu námskeiði er hámarksfjöldi 25.

Lýsing

Námskeiðið er nýtt hagnýtt fræðslunámskeið um kvíða þar sem farið er yfir helstu einkenni kvíða hjá ungum börnum á einhverfurófi. Farið verður yfir aðferðir til að draga úr kvíðaeinkennum barna og koma í veg fyrir kvíða síðar á lífsleiðinni.

Milli tíma vinna foreldrar heimaverkefni sem snúa að því að draga úr kvíðaeinkennum barna sinna. Mælt er með er að foreldrar mæti í báða tímuna.

Námskeiðið er tvö skipti, 3 klukkustundir í senn, frá kl. 12.30– 15.30.

Markmið

Að þátttakendur:

- þekki eðli kvíða hjá ungum börnum á einhverfurófi
- þekki leiðir til að takast á við kvíðaeinkenni og draga úr óöryggi barnanna

Umsjón

Guðrún Ólafsdóttir sálfræðingur.